

Spurningar og svör vegna atkvæðagreiðslu um framtíð kvótakerfis í mjólk

1. Hverjir eru á kjörskrá?

Allir skráðir innleggjendur mjólkur samkvæmt upplýsingum frá félögum í Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði þann 1. janúar 2019 hafa atkvæðisrétt. Á kjörskrá eru 559 innleggjendur. Bæði lögaðilar og einstaklingar hafa atkvæðisrétt. Hafa þeir í huga að kosningarétturinn og rafræni aðgangurinn er bundinn þeirri kennitölu sem innleggið er skráð á. Hver innleggjandi hefur eitt atkvæði. Hægt er að sannreyna aðild að kjörskrá fyrir kosningarnar í gegnum rafrænan aðgang á vefsíðu Bændasamtakanna, www.bondi.is.

2. Hvernig fer atkvæðagreiðslan fram?

Atkvæðagreiðslan fer einungis fram með rafrænum hætti. Til að kjósa þarf að auðkenna sig með rafrænum skilríkjum í gegnum farsíma eða með Íslykli. Atkvæðagreiðslan verður aðgengileg í gegnum vefsíðu Bændasamtakanna, www.bondi.is.

3. Hvernig fæ ég Íslykil eða rafræn skilríki?

Hægt er að panta Íslykil á vefsíðunni www.island.is. Mælt er með því að fá lykilinn sendan í heimabanka en það tekur um 5-10 mínútur.

Þá er hægt að nálgast rafræn skilríki í viðskiptabanka en nánari upplýsingar er að finna inn á vefsíðunni www.audkenni.is.

4. Hvað geri ég ef ég hef ekki aðgang að tölvu?

Ef kjósandi hefur ekki aðgang að tölvu, skal hann hafa samband við skrifstofu Bændasamtakanna í síma 563-0300 og fá leiðbeiningar.

5. Hvaða reglur gilda um atkvæðagreiðsluna?

Á grundvelli greinar 14.3 í gildandi samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar frá 19. febrúar 2016 milli ríkistjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands er boðað til atkvæðagreiðslu um framtíð kvótakerfisins. Sjá samninginn í heild sinni:

<https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/Acrobat/Nautgripaerakt.pdf>

Reglur um atkvæðagreiðsluna hafa verið samþykktar af stjórn Bændasamtaka Íslands. Þær er hægt að kynna sér [á vefslóðinni](#):

http://www.bondi.is/files/vidhengi/kosningar_reglur_1_040219_final.pdf.

Atkvæðagreiðslan er ólík öðrum atkvæðagreiðslum sem tengjast búvörusamningum þar sem hún er ekki um samning, bara spurningu um framtíð kvótakerfisins. Þetta er vegna þess að um fyrirkomulagið var samið við gerð nautgriparæktarsamnings 2016.

Þegar endurskoðun nautgriparæktarsamnings lýkur síðar á árinu verða greidd atkvæði um hann með venjubundnari hætti. Þá hafa félagar í Bændasamtökum Íslands og Landssambandi kúabænda kosningarétt sem einstaklingar en ekki verður eitt atkvæði á innleggjanda eins og nú. Fyrirkomulagið núna er því undantekning.

6. Hversu lengi stendur atkvæðagreiðslan yfir?

Atkvæðagreiðslan stendur yfir frá klukkan 12:00 á hádegi þann 11. febrúar 2019 til klukkan 12:00 á hádegi þann 18. febrúar 2019.

7. Hvernig er tryggt að atkvæði sé ekki hægt að rekja til kjósenda?

Leitað hefur verið til þriðja aðila til að sjá um framkvæmd kosninganna en með sérstöku kosningakerfi hans er tryggt að atkvæði verði ekki hægt að rekja til kjósenda.

Í 6. gr. reglna um atkvæðagreiðsluna er farið ítarlega yfir framkvæmd kosninganna. En tryggt er að ekki sé hægt að rekja greidd atkvæði til tiltekinna kjósenda. Sjá hér reglurnar í heild sinni http://www.bondi.is/files/vidhengi/kosningar_reglur_1_040219_final.pdf

8. Hvert á að snúa sér með kærur?

Þeir aðilar sem vilja leggja fram kærur er bent á að hafa samband við kjörstjórn. Í kjörstjórn sitja Elías Blöndal Guðjónsson formaður, Guðbjörg Jónsdóttir og Guðrún Vaka Steingrímsdóttir. Netfang kjörstjórnar er kjorstjorn@bondi.is.

9. Hvar verða niðurstöður kynntar?

Kjörstjórn tilkynnir stjórn Bændasamtaka Íslands um niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar sama dag og henni lýkur, sem er mánudagurinn 18. febrúar.